

Skýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2008

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

Forstöðumaður stofnunarinnar í hlutastarfi er Tómas H. Heiðar sem er jafnframt þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu. Stjórn stofnunarinnar skipuðu Sverrir Haukur Gunnlaugsson og Guðmundur Eiríksson af hálfu utanríkisráðuneytisins, Stefán Ásmundsson og Árni Múli Jónasson af hálfu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, og Eiríkur Tómasson og Björg Thorarensen af hálfu Háskóla Íslands.

Hafréttarstofnun auglýsir árlega styrki til náms í hafrétti. Annars vegar er um að ræða styrki til framhaldsnáms í hafrétti en enginn styrkur var veittur í ár.

Hins vegar er um að ræða styrki til íslenskra þátttakenda og þátttakenda frá þróunarlöndum í námskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti sem haldið var 29. júní – 18. júlí. Hafréttarstofnun veitti fimm Íslendingum, Eggert Ólafssyni, Helgu Hauksdóttur, Hreini Hrafinkelssyni, Sigríði Eysteinsdóttur og Sigríði Rögnu Sverrisdóttur, styrki til þátttöku í námskeiðinu. Enn fremur veitti stofnunin nokkrum einstaklingum frá þróunarríkjum styrki til þátttöku í námskeiðinu.

Hafréttarstofnun á aðild að Ródos-akademíunni og á forstöðumaður stofnunarinnar sæti í stjórn akademíunnar. Árlegt námskeið akademíunnar í hafrétti er helsta námskeið á þessu sviði í heiminum. Forstöðumaður annaðist yfirumsjón, kennslu og prófun í annari viku námskeiðsins í ár.

Hafréttarstofnunin styrkti ráðstefnu um hafréttarmál á vegum Fridtjof Nansen stofnunarinnar í Ósló 21.-23. ágúst. Forstöðumaður og Stefán Ásmundsson tóku þátt í ráðstefnunni af hálfu Hafréttarstofnunar og tóku þátt í pallborðsumræðum.

Hafréttarstofnun gekkst fyrir kynningu á stofnuninni á opnu húsi utanríkisráðuneytisins á Menningarnótt. Ritinu “Þorskastríðin þrjú” eftir Guðna Th. Jóhannesson, sem stofnunin gaf út, var dreift til gesta.

Framangreindu riti var dreift til allra almenningsbókasafna í landinu.

Hafréttarstofnun og Lagastofnun H.Í. gengust fyrir málstofu um aðgerðir gegn ólöglegum fiskveiðum í Lögbergi 26. nóvember. Fyrirlesari var prófessor Rosemary Rayfuse frá Ástralíu en forstöðumaður stýrði málstofunni sem var fjölsótt.

Forstöðumaður ritaði grein, “Havets nye grænser”, í tímaritið Rotary Norden.

Á grundvelli samnings við lagadeild H.Í. hélt Hafréttarstofnun áfram að styrkja kennslu og rannsóknir í auðlindarétti við deildina.